

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík



Norðurlandi eystra, 8. júní 2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022 – 2036.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 23. maí 2022 þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, þingskjal 799, 563. Mál.,

það er mikið fagnaðarefni að ríkisvaldið hefur hin síðari misseri í auknum mæli gert sér grein fyrir þeim mikilvæga og góða vettvangi sem sóknaráætlanir landshluta eru og hafa sýnt landshlutasamtökum aukið traust. Endurspegladist það m.a. í aukafjárveitingum tengdum viðbrögðum við Covid 19 sem beint var í farveg sóknaráætlana og landshlutasamtökunum falið að veita fjármagninu þangað sem best nýttist.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur það skýrt fram að unnið verði að eflingu sóknaráætlana landshlutasamtakanna en einnig eru önnur atriði tíunduð í sáttmálanum, undir liðnum byggðamál, sem kalla mjög á öflugt starf landshlutasamtaka.

Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun eru landshlutasamtök nefnd sem dæmi um samstarfsaðila í 19 verkefnum en áður voru þau tilgreind sem samstarfsaðilar í 16 verkefnum. Landshlutasamtökin eru einnig nefnd sem framkvæmdaðili í 8 verkefnum en voru áður nefnd í 5 verkefnum. Það er því ljóst að ríkisvaldið gerir ráð fyrir auknu og stærra hlutverki landshlutasamtaka en áður var.

Í ljósi þess sem að framan er rakið vekur það furðu að boðuð er 10,3% heildarlækkun á úthlutun úr fjármálaáætlun næstu 5 árin á föstu verðlagi, alls 215 m.kr. og augljóst að lækkunin verður mun meiri að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir 9% lækkun á framlögum til byggðaáætlunar en 20,7% lækkun til sóknaráætlana! Það er í miklu ósamræmi við fyrirheit sem gefin eru í stjórnarsáttmála og einnig það sem fram kemur í lið C.f. þar sem talað er um: „Aðferðafræði sóknaráætlana landshluta og brothættra byggða verði eflid og þróuð“.

Stjórn SSNE tók málið fyrir á 38. stjórnarfundi fyrr í dag og samþykkti eftirfarandi bókun.

Stjórn SSNE furðar sig á því að á sama tíma og landshlutasamtökum er falin aukin ábyrgð og skyldur í stefnumótandi byggðaáætlun lækki framlög ríkisvaldsins verulega til landshlutasamtaka sem og til sóknaráætlana, sem er eitt mikilvægasta verkefni samtakanna. Slíkt hlýtur að teijast í hrópandi ósamræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur með skýrum hætti að unnið verði að eflingu sóknaráætlana og landshlutasamtaka. Óskar stjórn SSNE eftir útskýringum á þessu ósamræmi.

Hér með er bókun SSNE komið á framfæri með von um góð viðbrögð.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að leggja fram frekari athugasemdir og umsagnir á síðar stigum ef tilefni er til.

F.h. SSNE

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri